

7. fundur nefndar um málefni fatlaðra var haldinn í Ráðhúsinu 30.04.2012 kl. 17:30

Mættir voru: Bogi Thorarensen, Davíð Hafsteinsson, Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir, Hanna Jónsdóttir og Svanborg Siggeirsdóttir. Hafdís Bjarnadóttir. boðaði forföll og Davíð Hafsteinsson boðaður í hennar stað. Margrét Ebba Ísleifsdóttir boðaði forföll. Hafrún ritaði fundargerð.

Fundur settur kl. 17:30

Dagskrá:

1. Staðan í dag.
2. Atvinnumál.
3. Önnur mál.

1. Staðan í dag:

- Jón Þorsteinn réttindagæslumaður fatlaðra var með kynningu fyrir foreldra.
- Hanna og Sveinn fóru yfir stöðu á þjónustu sem veitt er í dag.
- Sumarþjónustan verður staðsett í Ásbyrgi (gamla skólastjórabústaðnum) þar sem boðið verður upp á afþreyingu, hreyfingu og stuðning við þá sem þurfa í unglíngavinnunni, verður veitt í júní og júlí frá 8 -16 búið er að ráða. Ánægjulegt að það voru margar umsóknir fyrir starfið og ráðnir voru 4 einstaklingar sem allir hafa reynslu af starfi með fötluðum. Misjafnt er hversu margir sækja þjónustuna að hverju sinni.
- Ítrekað var mikilvægi snyrtingar með aðgengi fyrir alla í íþróttarmiðstöð Stykkishólms, sú hugmynd rædd hvort hægt væri að koma upp lyftu í íþróttamiðstöðinni sem gerði hreyfihömluðum kleyft að nýta íþróttarsal og hvort það myndi leysa búningaaðstöðu fyrir þá sem þurfa aðstoð að geta þá nýtt klefana niðri.
- Athuga hvort ekki sé hægt að setja upp tunnu fyrir kerti í kirkjugarðinum svo hægt sé að endurnýta þau kerti sem til falla þar.

2. Atvinnumál:

- Hanna greinir frá að erfiðlega hafi gengið að fá örorkuvinnusamninga og jafnframt verið erfiðara að halda þeim samningnum sem þegar hafa náðst.
- Starfstöðin í Ásbyrgi hefur starfsemi sína í ágúst, þar verður starfsemin í formi dagvistunar, hæfingar og vinnutengdra verkefna. Stefnt er á að setja niður kartöflur, endurnýta fatnað, áframhaldandi kertagerð ásamt ýmsum verkefnum sem til falla og henta notendum þjónustunnar.

3. Búseta

- Vilyrði er komið frá bæjaryfirvöldum að fatlaðir hafi forgang að íbúðum að Skúlagötu 9. Komin er ein umsókn sem er í vinnslu.

4. Önnur mál:

- Hugmyndabankanum sem komið var upp í sundlauginni hefur verið vel tekið og margar góðar hugmyndir komið fram, hvetjum alla til að koma með sýnar hugmyndir að bættum Stykkishólmi.
- Símenntunarmiðstöð bauð upp á 3 námskeið fyrir fatlaða, 18 ára og eldri: Umræðunámskeið, mósaíknámskeið og myndlistarnámskeið. Námskeiðin tókust vel upp og var þátttaka góð.
- Hanna fór í vettvangsferð í Fjöliðjuna á Akranesi og útibú þess í Borgarnesi ásamt að skoða Búkollu nytjamarcað og skammtímvistunina Holt.
- Bæta þarf umgjörð um íþróttastarf fatlaðra, efla þarf foreldrasamstarf og óska staða að fá íþróttakennara til starfa. Reynt hefur verið að fá sundkennslu en hefur það ekki gengið, haldið áfram að kanna það.
- Rætt var um komandi landsþing landssamtaka Þroskahjálpar, sem haldið verður í Stykkishólmi 12 – 14 okt næstkomandi yfirskriftinni: Fjölskyldan og barnamiðuð þjónusta. Ræddar voru hugmyndir að innleggi frá okkar samfélagi á þingi, hugmyndir að kynningarefni að fá notendur þjónustunnar, foreldra og þjónustuveitendur til að kynna sig og sitt líf eða starf.

- Nefndin ræddi um hvort ekki væri hægt að setja umgörð af stað í kringum verkefni Rauða krossins „Föt sem framlag“ þar sem sjálfbóðaliðar á öllum aldri sauma og þrjúna fatnað fyrir verkefnið föt sem framlag. Skapast gæti vettvangur fyrir þá sem hefðu áhuga á að hittast og vinna að verkefninu saman. Ef til vill gæti verkefnið verið jákvæður vettvangur fyrir fólk með skerta starfsgetu.
- Nefndin minnir á réttindagæslumann fatlaðra Jón Þorstein Sigurðsson, starfssvæði hans er Vesturland og Vestfirðir
Jón Þorsteinn Sigurðsson
s. 858 1939 jons@rett.vel.is

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 27/8 2012 kl. 17:30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:40

Bogi Thorarensen (sign)

Davíð Hafsteinsson (sign)

Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir (sign)

Hanna Jónsdóttir (sign)

Svanborg Siggeirsdóttir (sign)